

Tillögur Eypings að áhersluverkefnum 2019

Dags: 20. maí 2019

Verkefni 5	Skipulag og hönnun útsýnisstaðar á hafnargarðinum á Þórshöfn
Markmið (SMART)	<i>Að vinna nauðsynlega skipulags- og hönnunarvinnu vegna göngustígs og útsýnisstaðar yst á syðri hafnargarðinum á Þórshöfn. Talsverð umferð ferðamanna er út á garðinn í dag með tilheyrandi hættu sem í því felst. Útsýnisstaðurinn og gönguleiðin verður tengd gönguleið með sjónum sem liggur inn í þorpið en einnig til suðurs.</i>
Stutt verkefnalýsing	Val á hönnuðum, vettvangsferð með þeim um svæðið og vinna þeirra við hönnun gönguleiðarinnar og útsýnisstaðarins, ásamt verkefnisstjórn af hendi framkvæmdaaðila.
Framkvæmdaaðili	Langanesbyggð
Samstarfsaðilar	Norðurhjarí – ferðamálasamtök, Atvinnuþróunarfélag Þingeyinga og Vegagerðin (siglingasvið).
Tengsl við sóknaráætlun 2015-2019	Fellur að skilgreindu leiðarljósi sóknaráætlunar um sem jafnasta dreifingu ferðamanna um landshlutann en Norðausturhornið hefur verið afskipt í því fram að þessu. Snýr beint að markmiði 6.2. sem er að „Byggja upp innviði í landshlutanum sem snúa að ferðaþjónustu, þ.á.m. samgöngur og aðgengi að náttúruperlum.“
Árangursmælikvarði/ar	Hönnun útsýnisstaðarins og gönguleið liggja fyrir.
Lokafurð	Greinargerð og hönnunargögn, teikningar og eftir atvikum verklýsingar.
Tímarammi	Verkefni hefst um leið og fjármögnun er tryggð og líkur í desember 2019.
Heildarkostnaður	Kr. 2.000.000,-
Framlag úr sóknaráætlun 2019	Kr. 2.000.000,-

S	Skýr	mikilvæg, læsileg og skiljanleg.
M	Mælanleg	þú verður að vita hvenær þú hefur náð þeim.
A	Aðlagandi	þú verður að geta náð þeim.
R	Raunhæf	það má ekki taka of langan tíma að ná þeim.
T	Tímasett	settu lokatíma á markmiðin.